

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 13. apríl 2024
Málsnúmer: 202403-0042
BK/OKV

Efni: Skógrækt í landi Ljárskóga - matsáætlun

Vísað er í tölvubréf gegnum skipulagsgátt, dags. 15. mars 2024, þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun vegna fyrirhugaðrar skógræktar í landi Ljárskóga.

Yggdrasill Carbon hyggst ráðast í skógrækt í landi Ljárskóga í Dalabyggð í samstarfi við landeigendur á svæði sem nær yfir alls 5.500 ha. Markmið skógræktarverkefnisins er að binda koltvísýring úr andrúmslofti, búa til beitarskóg, byggja upp skógarauðlind í samstarfi við sauðfjárbændur og græða upp landið ásamt því að vera framlag í baráttunni gegn þeim miklu loftslagsbreytingum sem eru að eiga sér stað.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér matsáætlunina og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

2.4 Gróðursetning

„Yggdrasill Carbon er meðvitað um þá umræðu sem hefur verið í gangi í samfélaginu upp á síðkastið varðandi notkun stafafuru hérlendis. Skoðanir fræðimanna eru skiptar í þeim efnum en til að hafa allan vara á óskar Yggdrasill Carbon eftir því að við gerð ræktunaráætlunar sé tekið tillit til eftirfarandi þátta:

- Reynt sé að staðsetja furu sem fjærst votlendi og skráðum fornleifum.
- Reynt sé að takmarka notkun furu á jöðrum plöntunarsvæðis.
- Birki sé nýtt sem næst vegi og inn á milli annarra tegunda.“

Stafafura sáir sér vel út í birkiskóg og fundust dæmi um slíkt í rannsóknum í Steinadal (Pawel Wasowicz o.fl. 2022).¹ Þó að mesti fræþéttleikinn sé oftast innan 60 m frá móðurplöntunni sýna dæmi erlendis frá að fræ geta borist marga kílómetra (sjá heimildir í Pawel Wasowicz o.fl. 2022).¹

Þessi dreifingargeta gerir það að verkum að erfitt yrði að hafa fullnægjandi eftirlit með útsáningu á þessum slóðum og í varúðarskyni ætti því ekki að notast við stafafuru, tegund sem uppfyllir allar skilgreiningar á ágengri framandi tegund (Pawel Wasowicz o.fl. 2022).¹

¹ Pawel Wasowicz, Guðrún Óskarsdóttir, Guðrún Gísladóttir og Þóra Ellen Þórhallsdóttir 2022. Stafafura (Pinus contorta) í Steinadal - mat á ágengni. Icelandic Institute of Natural History, bls. 1–35.



4.4.2 Gróður

Í matsspurningum er ekki gert ráð fyrir að gera grein fyrir plöntutegundum á framkvæmdasvæðinu. Slík gögn myndu vera gagnleg fyrir mat á líffjölbreytni en ekki kemur fram í kafla 4.4.2.2 hvernig hún verður metin.

Gert verður grein fyrir vistgerðum á svæðinu og verndargildi þeirra en ekki er ljóst hvort hér verður notast við vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar en það væri æskilegt þar sem sú flokkun er sú eina þar sem verndargildi vistgerða hefur verið metið á landsvísu. Þá ætti vistgerðakort sem skógfræðingur mun útbúa af svæðinu að fylgja matskýrslu fyrir framkvæmdina.

Í gögnum og aðferðum er gert ráð fyrir að skógfræðingur Yggdrasils meti “*einnig grósku gróðurs, líffjölbreytni, gróðurþekju, jarðvegsþykkt, grýtni í jarðvegi, halla í landslagi og hallaátt.*” Aðferðalýsing á því hvernig þetta mat mun fara fram þarf að fylgja áætluninni þar sem vettvangsmatið mun að líkindum vera undirstaða mats á núverandi kolefnisforða svæðisins (sbr. kafla 4.4.9.2).

4.4.3 Fuglalíf

Við mat á áhrifum framkvæmdarinnar á fuglalíf þarf einnig að horfa til jaðaráhrifa skógar á þéttleika vaðfugla en rannsóknir hafa sýnt að fyrir fimm vaðfuglategundir af sjö, þ.e. heiðlóu, spóa, tjald, lóupræl og jaðrakan, þá er þéttleiki innan 200 m frá skógarjaðri innan við helmingur þess sem hann er fjær og fyrir stek er þéttleiki lægstur ≤ 150 m frá jaðrinum.¹

4.4.4 Vatnafar

Í matsáætluninni kemur ekki fram hver mun leggja mat á áhrif fyrirhugaðrar skógræktar á vatnafar en þar ætti að leita til sérfræðings á sviði vatnalíffræði.

4.4.9 Loftslag

Fyrir þennan matsþátt telur Náttúrufræðistofnun það nauðsynlegt að horft sé til nýlegra rannsókna sem sýna að meta þurfi fleiri þætti en eingöngu kolefnisbindingu þegar kemur að skógrækt sem mótvægisáðgerð í loftslagsmálum. Þar sem skógur dregur í sig meiri sólargeislun en opið land getur skógrækt leitt til staðbundinnar og hnattrænnar hlýnunar. Á norrænum slóðum sérstaklega, draga þessi áhrif verulega úr eða vega jafnvel meira en kælingaráhrif aukins kolefnisforða í skógum.^{2,3}

Mikilvægt er því að taka tillit til þessara áhrifa þegar kolefnisbinding í barrskógi er metin sem áðgerð til að sporna við hlýnun.

¹ Pálsdóttir, A. E., Gill, J. A., et al. Subarctic afforestation: Effects of forest plantations on ground-nesting birds in lowland Iceland. *Journal of Applied Ecology* 59, 10 (2022). <https://doi.org/10.1111/1365-2664.14238>

² Hasler, N., Williams, C.A., Denney, V.C. et al. Accounting for albedo change to identify climate-positive tree cover restoration. *Nat Commun* 15, 2275 (2024). <https://doi.org/10.1038/s41467-024-46577-1>

³ <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2024-04-11-skograekt-er-ekki-heildarlausn-i-loftslagsmalum-409999>



Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllt,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

